

Nefndarálit með breytingartillögu

um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkraskrár,
nr. 55/2009 (ýmsar breytingar).

Frá meiri hluta velferðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund gesti frá heilbrigðisráðuneyti, Sjúkratryggingum Íslands, Samtökum heilbrigðisfyrtækja, Persónuvernd, Læknafélagi Íslands, embætti landlæknis og ÖBÍ réttindasamtökum.

Nefndinni bárust átta umsagnir auk minnisblaðs frá heilbrigðisráðuneyti og eru gögnin aðgengileg undir málinu á vef Alþingis.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um sjúkraskrár, nr. 55/2009. Markmið frumvarpsins er m.a. að auka skilvirkni í heilbrigðisþjónustu, styðja við stafræna þróun og bæta öryggi sjúklinga.

Umfjöllun nefndarinnar.

Aðgangur að upplýsingum vegna stofnunar miðlægs lyfjakorts (b-liður 5. gr.).

Með b-lið 5. gr. eru lagðar til breytingar á 13. gr. laga um sjúkraskrár og lagt til að læknurnum og lyfjafræðingum verði heimilaður aðgangur að upplýsingum um lyfjaávísanir sjúklings vegna stofnunar miðlægs lyfjakorts og við breytingar á þeim upplýsingum sem þar eru skráðar.

Í umsögn Læknafélags Íslands kemur m.a. fram athugasemd við ákvæðið og segir þar m.a. að félagið sjái ekki tilgang þess að leggja til að læknar og lyfjafræðingar fái þessa heimild.

Í minnisblaði heilbrigðisráðuneytisins til nefndarinnar er það áréttáð að innleiðingu miðlægra lyfjakorta sé ekki lokið og um viðvarandi verkefni sé að ræða. Meiri hlutinn tekur undir það sem fram kemur í minnisblaðinu að nauðsynlegt sé að tryggja lagastoð fyrir áframhaldandi vinnu við stofnun og uppfærslu miðlægra lyfjakorta.

Aðgangur sjúklings að sjúkraskrá (6. gr.).

Með 6. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 14. gr. laga um sjúkraskrár. Meðal þess sem lagt er til er að sjúklingur eigi rétt á að fá afhent afrit af eigin sjúkraskrá, og sá réttur eigi einnig við um sjúkraskrár upplýsingar sem hafðar eru eftir öðrum en heilbrigðisstarfsmönnum. Auk þess er lagt til að heimilt verði að synja sjúklingi um afrit sjúkraskrár upplýsinga sem hafðar eru eftir þriðja aðila ef það er talið nauðsynlegt vegna hagsmuna þeirra sem veitt hafa upplýsingarnar eða eru nákomnir sjúklingi.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að ákvæðið sæki fyrirmynnd sína í norskan rétt og sé undanþága frá þeirri meginreglu að sjúklingar eigi rétt á að fá afhent afrit af sjúkraskrá og eigi eingöngu við í þeim tilvikum þar sem ljóst er að afhending upplýsinganna geti haft alvarlegar afleiðingar í för með sér.

Meiri hlutinn áréttar að ekki sé nóg að afhending upplýsinganna geti verið óheppileg, heldur þurfi að vera verulegar líkur á því að afhendingin geti haft í för með sér að þeir sem hafi veitt þær eða eru nákomnir sjúklingi eigi á hættu að verða fyrir áreiti eða ofsknum.

Í umsögn Persónuverndar er á það bent að í þessum tilvikum reyni ekki aðeins á persónuverndarhagsmuni sjúklings heldur verði einnig að líta til persónuverndarhagsmunu þeirra einstaklinga annarra sem veitt hafa upplýsingar viðvígjandi sjúklingi, sem geta m.a. varðað einkahagi þeirra sjálfrá.

Meiri hlutinn leggur áherslu á að heimild til að synja sjúklingi um afrit af sjúkraskrá er undantekning sem ber að túlka þróngt. Þá bendir meiri hlutinn á það sem fram kemur í minnisblaði heilbrigðisráðuneytis að með ákvæðinu sé ekki aðeins gert ráð fyrir að sjúkraskráupplýsingar verði gerðar aðgengilegar á pappír, heldur er einnig gert ráð fyrir því að það sé gert stafrænt.

Þá undirstrikar meiri hlutinn að gert er ráð fyrir að ákvæði b-liðar 6. gr. taki eingöngu til upplýsinga sem skráðar eru eftir að ákvæðið kemur til framkvæmda 1. júní 2026, sbr. gildistökuákvæði frumvarpsins.

Önnur atriði.

Við umfjöllun í nefndinni var einnig rætt um samtengingu sjúkraskrárkerfa milli opinberra veitenda heilbrigðisþjónustu annars vegar og einkaðila í heilbrigðisþjónustu hins vegar. Boríð hafi á því að tengingum milli þeirra kerfa hafi verið ábótavant sem bitni jafnvel á þeirri þjónustu sem veitt er sjúklingum. Komu m.a. fram í umsögn Sjúkratrygginga Íslands tillögur að breytingum í þá veru að kveðið verði á um skyldu veitenda heilbrigðisþjónustu til að nýta sameiginleg sjúkraskrárkerfi og að afnumin verði skylda til að afla leyfis ráðherra til að nýta sameiginleg eða samtengd kerfi. Í minnisblaði heilbrigðisráðuneytis um málið er um þetta fjallað og kemur þar fram að til skoðunar sé í ráðuneytinu að ráðast í heildarendurskoðun á lögum um sjúkraskrár og að í þeirri vinnu gæti framangreint komið til árita.

Meiri hlutinn undirstrikar mikilvægi þess að þau sjúkraskrárkerfi sem notuð eru í heilbrigðisþjónustu tali saman, en það ýtir undir skilvirkni og stuðlar að bættri þjónustu við sjúklings.

Breytingartillögur.

Eftirlit (10. gr.).

Með 10. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 22. gr. laga um sjúkraskrár þar sem kveðið er á um eftirlit með framkvæmd laganna. Í umsögn Persónuverndar eru lagðar fram tillögur að breytingum á annars vegar 1. másl. 2. mgr. og hins vegar 1. másl. 3. mgr. ákvæðisins. Lagðar eru til breytingar á ákvæðinu með það að markmiði að skýra betur hlutverk Persónuverndar annars vegar og embættis landlæknis hins vegar.

Viðurlög (12. gr.).

Í umsögn embættis landlæknis voru gerðar athugasemdir við ákvæði t-liðar 12. gr. þar sem kveðið er á um að það varði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn ákvæðum um eftirlit, sbr. 22. laganna. Með hliðsjón af því leggur meiri hlutinn til að ákvæði t-liðar 12. gr. frumvarpsins falli brott.

Í 11. gr. frumvarpsins er lagt til að brot gegn ákvæðum laganna eða reglugerðum sem settar eru á grundvelli þeirra varði sektum eða fangelsi allt að þremur árum. Í 12. gr. er gert ráð

fyrir að brot gegn lögnum geti varðað fangelsi allt að tveimur árum. Til að gæta samræmis milli ákvæða frumvarpsins leggur meiri hlutinn til breytingar á 12. gr, þ.e. að það varði sektum eða fangelsi allt að þremur árum að brjóta gegn þeim ákvæðum sem þar eru tilgreind.

Þá eru lagðar til lagatæknilegar breytingar sem ekki er ætlað að hafa efnisleg áhrif á frumvarpið.

Að framangreindu virtu leggur meiri hlutinn til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. Við 1. gr.
 - a. Í stað tilvísunarinnar „1. mgr. 6. gr.“ í b-lið komi: 3. gr.
 - b. C-liður orðist svo: Í stað orðsins „rafrænna“ í 2. mgr. 6. gr., 1. mgr. og tvívegis í 2. mgr. 18. gr., þrívegis í 1. mgr., í 2. mgr., fjórum sinnum í 3. mgr. og í 4. mgr. 19. gr., 1. tölul. 2. mgr. 20. gr. og 1. mgr. 24. gr. laganna kemur: stafrænna.
 - c. E-liður orðist svo: Í stað orðsins „rafrænna“ í 19. tölul. 3. gr., 2. mgr. 5. gr. og 2. tölul. 2. mgr. 20. gr. kemur: stafræna.
2. Orðið „henni“ í b-lið 2. gr. falli brott.
3. Í stað orðsins „í“ b-lið 5. gr. komi: úr.
4. Í stað orðanna „um afrit af sjúkraskrá“ í 8. gr. komi: samkvæmt ákvæði þessu.
5. B-liður 9. gr. orðist svo: Í stað orðsins „rafrænna“ í fyrirsögn 19. gr. kemur: stafrænna.
6. Við 10. gr.
 - a. 2. mgr. orðist svo:
Persónuvernd hefur eftirlit með öryggi og vinnslu persónuupplýsinga í sjúkra-skram samkvæmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, að gættum ákvæðum laga þessara.
 - b. Í stað orðanna „opinberra starfsmanna“ í 4. mgr. komi: starfsmanna ríkisins.
7. Við 12. gr.
 - a. Í stað orðanna „tveimur árum“ í inngangsmálslið efnisgreinar komi: þremur árum.
 - b. Á eftir orðinu „um“ í o-lið komi: aðgang að.
 - c. Á eftir orðinu „miðlun“ í q-lið komi: upplýsinga.
 - d. T-liður falli brott.

Alþingi, 11. júní 2025.

Kolbrún Áslaugar Baldursdóttir, Sigurþóra Steinunn Bergsdóttir, Jón Gnarr.
form. frsm.

Vilborg Kristín Oddsdóttir.

Jónína Björk Óskarsdóttir.